

**Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 70. fundur Skólanefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, mánudaginn 1. október
2012 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) Formaður, Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH) Aðalmaður, Hafdís Jónsdóttir Áheyrnarfulltrúi, Margrét Pála Ólafsdóttir Embættismaður og Kolbrún Sigurðardóttir Áheyrnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir, ritari

Formaður skólanefndar setti fundinn og bauð Kolbrúnu Sigurðardóttir velkomna en hún situr í nefndinni fyrir hönd starfsfólks Tálknafjarðarskóla.

Dagskrá:

1. 1210001 - Skólalóð 2012

Á vegum Hjallastefnu eru hönnuðir væntanlegir að taka út leik- og skólalóðina. Í framhaldi munu samfélagið vinna úr hugmyndum sem upp koma á borgarafundi sem mun verða haldinn.

2. 1001015 - Önnur mál

Margrét Pála sagði frá því að fulltúar Landverndar komi hingað og taka út Grænfána verkefnið. Þá mun koma í ljós hvort Tálknafjarðarskóli fái hann í fjórða skipti.

Einnig upplýsti hún að aðalfundur foreldrafélagsins er í kvöld og mun hún kynna væntalega tilraun með kynskipta hópa.

3. 1210002 - Dúkur sundlaug

Guðlaug sat skólaráðsfund og þar kom fram að það sé komið að því að fella niður skólasundið vegna hitastigs í lauginni af því að dúkurinn er ekki dreginn yfir laugina. Þetta ástand er óviðunandi að áliti nefndarinnar og beinir hún því til forstöðumanns ípróttahússins að hún komi þessu máli í þá stöðu sem til þarf svo ekki þurfi að koma til þess að fella þurfi niður sundkennslu skólabarna.

4. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Margrét Pála lagði fram fundargerð skólaráðsfundar dagsett 05.09.2012. Einnig sagði hún frá því að starfsáætlun hafi ekki verið uppfærð síðan 2009 og lagði hún fram viðbót við hana og er hún geymd í gögnum skólanefndar.

5. 1209036 - Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Ungt fólk 1992 til 2012, Æskulýðsrannsóknir í 20 ár

Mennta- og menningarmálaráðuneytið Ungt fólk 1992-2012. Æskulýðsrannsóknir í 20 ár. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.
